



LÖGREGLUSTJÓRINN Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

Nefndasvið Alþingis
B.t. atvinnuveganefndar

Reykjavík, 11. febrúar 2016

Efni: Umsögn lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu um frumvarp til laga um breytingu á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 85/2007 (heimagisting, veitingastaðir án áfengisveitinga, ótímabundin rekstrarleyfi). Þingskjal 731 – 457 mál.

Vísað er til tölvupósts, dags. 28. janúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu um frumvarp til breytinga á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 85/2007.

Embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu gerir ekki athugasemdir við þær breytingar sem lagðar eru til með þessu frumvarpi sem að meginmarkmiði miðast að því að einfalda regluverk, auka skilvirkni og bregðast við leyfislausri gististarfsemi.

Lögreglustjóri telur þó nauðsynlegt nota þetta tækifæri til að benda á að samkvæmt viðurlagakafla laganna er ekki refsivert að brjóta gegn banni 4. mgr. 4. gr. við nektarsýningum eða að gert sé út á nekt starfsmanna eða annarra sem á staðnum eru. Er því lagt til að í viðurlagaákvæði 22. gr. verði vísað til 4. mgr. 4. gr. Ákvæði 1. mgr. 22. gr. gæti því orðast svo:

Hver sá er brýtur gegn 4. mgr. 4. gr. um nektarsýningar, 5. gr. um dvöl ungmenna á veitingastöðum eða rekur leyfisskylda starfsemi án tilskilins leyfis, sbr. 7., 12., og 17. gr., skal sæta sektum nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum. Brot gegn reglugerðum settum með stoð í lögum þessum varða sektum nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum.

Jafnframt er lagt til að við 23. gr. bætist nýr stafliður sem gæti orðast svo:

d. þegar rökstuddur grunur er um að þar fari fram nektarsýningar eða að þar sé með öðrum hætti gert út á nekt starfsmanna eða annarra sem eru á staðnum.

F. h. l.

Heiða Gestsdóttir